Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 2. júní 2020

Mætt: Helga Guðný Sigurðardóttir, Bergrún Óladóttir, Katrín Þrastardóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Möller og Björg Baldursdóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Aðalfundur
3. Félagsgjöld skólaárið 2020-2021
4. Gjaldkerastöðu
5. Vorhátíð
6. Foreldrarölt – fram á sumar/rölt vesti
7. Uppbót nemenda vegna kennslu sem féll niður vegna verkfalls og Covid
8. Önnur mál

Niðurstaða

1. Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.

2. Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn í haust sökum Covid 19. Við þökkum Björgu skólastjóra fyrir sérlega gott samstarf. Stefnum að því að halda aðalfundinn á sama tíma og erindi frá Erlendi sálfræðingi.

3. Stefnt er að því að fella niður félagsgjöld fyrir skólaárið 2020-2021 vegna sérstakra aðstæðna. Sendur verður út greiðsluseðill en við ítrekum það að greiðsla er valkvæð.

4. Við þökkum Signýju fyrir vel unnin gjaldkerastörf. Stefanía Jóna tekur við og vonandi verður búið að ganga frá öllum lausum endum fyrir haustið.

5. Því miður verður ekki hægt að halda vorhátíð í ár en stefnt verður að því að halda hausthátíð í staðinn. Gríðarlegt magn er af óskilamunum og komið hefur upp sú hugmynd að selja óskilamuni sem eru 2ja ára og eldri til góðgerðamála.

6. Fyrir næsta skólaár þarf að finna nýjan röltstjóra. Röltið hefur gengið nokkuð vel í vetur og við höfum fengið fleiri vesti til að vera sýnilegri í röltinu. Ákveðið var að endurtaka röltleikana á nýju skólaári.

7. Foreldrafélagið fer fram á við skólastjóra að kennslu verði bætt upp við lok hvers stigs vegna verkfalls og Covid 19.

8. Það er mikilvægt að finna bekkjarfulltrúa fyrir hvern bekk á næsta skólaári.

   Mikill áhugi er að endurvekja skíðaferðir í Bláfjöll á vegum skólans. *Aðalsteinn* tekur að sér að heyra í Björgu og kanna hvort hægt sé að koma því við.

   Fyrrispurn kom frá foreldri varðandi fyrirlestur um lesblindu og ADHD, *Anna Rós* tekur áfram.

   Fundi slitið.